433. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn miðvikudaginn 5. desember 2018 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

Ása Þórhildur Þórðardóttir, formaður, Elísabet Anna Jónsdóttir ANR, Hrafn Hlynsson FJR, Arnar Árnason formaður Landssambands kúabænda , Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ og Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ.

Þetta var gert.

1. Tekin var fyrir tillaga um ráðstöfun fjármuna vegna óvirks greiðslumarks sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt. Tillaga var lögð fram um að ráðstafa fjármununum á liðinn aukið virði samkvæmt samningi um sauðfjárrækt. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og var hún samþykkt.
2. Tekin var fyrir tillaga um tvöfalda greiðslu til sauðfjárbænda í janúar, sbr. tillögu um breytingu á 5. gr. reglugerðar nr. 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt. Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar reifaði tillöguna, sem snýst í grunninn um að flýta tvöfaldri greiðslu um einn mánuð. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og var hún samþykkt.
3. Rætt var um framlag til álags vegna geitamjólkur, sbr. 29. gr. reglugerðar nr. 1180/2017 um almennan stuðning við landbúnað. Tillaga Búnaðarstofu Matvælastofnunar að halda óbreyttri framkvæmd. Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna og var hún samþykkt.
4. Rætt var um framlag til stuðnings við framleiðslu nautakjöts, sbr. 9. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Fram kom tillaga um að 30 milljónum króna verði ráðstafað til reksturs einangrunarstöðvar. Tillagan var samþykkt.
5. Rætt var um heildarskiptingu milli mjólkurkúa og holdakúa vegna gripagreiðslna, sbr. 5. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar lagði fram upplýsingar um heildarskiptingu. Lagt til að skipting verði óbreytt og var sú tillaga samþykkt.
6. Lögð var fram tillaga um heildargreiðslumark mjólkur fyrir næsta ár. Tillaga barst frá Búnaðarstofu Matvælastofnunar um að heildargreiðslumark verði 145 milljón lítrar. Engar athugasemdir voru gerðar og var tillagan samþykkt.
7. Tekin var fyrir tillaga Búnaðarstofu Matvælastofnunar um fækkun innlausnardaga, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1183/2017 um stuðning við nautgriparækt. Tillagan snýr að því að fella út innlausnarmarkað í september þar sem að viðskipti hafa verið lítil. Tillagan var samþykkt.
8. Tekin var fyrir tillaga um framleiðsluskyldu. Tillaga barst um að hafa framleiðsluskyldu óbreytta frá fyrra ári, 95%. Tillagan var samþykkt.
9. Tekin var fyrir tillaga SAM að nýjum ríkisstuðlum til umreiknings á ráðstöfun mjólkur við framleiðslu tólf vörutegunda. Tillagan var samþykkt.
10. Lögð voru fram drög að reglugerðum vegna búvörusamninga. Greint var frá því að vegna tímaskorts í ljósi þess að reglugerðirnar þarf að undirrita og birta fyrir áramót þá muni ekki gefast tími til að birta reglugerðirnar í Samráðsgátt en þær verði sendar til umsagnar til hagsmunaaðila í tölvupósti. Framkvæmdanefnd ræddi drögin, helstu breytingar og fleiri atriði.

Önnur mál

- Formaður Bændasamtaka Íslands spurði um stöðu á flutningi Búnaðarstofu. Greint var frá því að málið væri í vinnslu innan ráðuneytisins en stefnt sé að því að vinna málið hratt og vel.

- Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar ræddi ákvæði reglugerðar um nautgriparækt hvað varðar viðskipti með greiðslumark. Framkvæmdanefnd telur mikilvægt að ákvæði varðandi þetta séu skýr.

Fundi slitið 14:37.